Starfsmennt
FRÆÐSLUSETUR

# Ársskýrsla 2012



Ársfundur 30. maí 2013

# Efnisyfirlit


Efnisyfirlit ... 2

Starfsemin 2012 ... 3

- Fjármögnun og rekstur ... 4
- Stjórnun Starfsmenntar ... 5
- Samstarfsaðilar ... 5
- Starfsmannahald og starfsþróun ... 6
- Heimasíða, útgáfur og kynningarstarf ... 7

Nám og þjónusta ... 7

- Starfstengdar námsleiðir ... 9
  - Á vettvangi - námsleið fyrir læknaritara ... 9
  - Áfangar – námsleið fyrir fangaverði ... 9
  - Brúarnám fyrir verðandi félagsliða ... 9
  - Brúarnám fyrir verðandi heilbrigðisritara ... 9
  - Félagsliðar- viðbótarnám og starfstengd námskeið ... 9
  - Fríhafnarskólinn – nám og þjónusta fyrir starfsfólk á flugvöllum ... 10
  - Heilsa – námsleið fyrir starfsfólk á heilbrigðissviði ... 10
  - Þróttur – námsleið fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja ... 10
  - Forystufræðslan ... 10
  - Launaskólinn – nám fyrir launafulltrúa hjá ríki og bæ ... 10
  - Skil – námsleið fyrir starfsmenn á innheimtusviði tollstjóra ... 11
  - Skrifstofubraut I og II ... 11
  - Starfsnám stuðningsfulltrúa – grunnur og framhald ... 11
  - Tryggingastofnun ríkisins ... 11
  - Viðurkenndur bókari ... 11
- Almenn námskeið og tölvunám ... 11
  - Enska fyrir atvinnulífið ... 11
  - Fjarkennt tölvunám ... 12
  - Framrás og Rekspölur ... 12
  - Mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu ... 12
  - Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum ... 12
  - Nýr vettvangur – breytt starf fyrir atvinnuleitendur ... 12
  - Talsmaður breytinga og Lífsbraut ... 12
  - Verkefnastjórnun – vinnulag sem virkar ... 12
  - Þjónustustjórnun og fleiri minni námskeið ... 12
- Þjónusta við stofnanir ... 13
  - Ráðgjafi að láni ... 13
  - Farandfyrirlestrar ... 13
  - Náms- og starfsráðgjöf ... 14
  - Þróunarverkefni og styrkir ... 16

Lokaorð ... 16

Skráningar á námskeið 2012 ... 17

# Starfsemin 2012

Fræðslusetrið Starfsmennt hefur vaxið jafnt og þétt og er árið 2012 það umfangsmesta hingað til. Starfsemin var með svipuðu sniði og árið á undan en áherslur að breytast á þann hátt að stofnanaþjónusta og þróunar- og ráðgjafaverkefni sækja í sig veðrið á meðan þátttaka í almennum námskeiðum dregst lítillega saman. Útgjöld á árinu voru rúmar 118 milljónir en rekstrartekjur rúmar 121 milljón. Sértekjur vegna þátttöku í námi og þjónustu hafa aldrei verið hærri eða 19,7 milljónir. Þær tekjur eru tilkomnar vegna verkefnastyrkja, aukins ytra samstarfs og fleiri ráðgjafaverkefna sem m.a. utanfélagsfólk nýtur góðs af. Skráningar á vef Starfsmenntar voru 3361 sem er aukning frá síðasta ári en áberandi var hve farandfyrirlestrar og sérsniðin stutt úrræði voru vel nýtt af stofnunum. Starfsmennt vann ötullega að sínum gæðamálum og hlaut viðurkenningu sem fræðsluaðili innan framhaldsfræðslu og styrkti um leið bæði ytri og innri mats- og stjórnunarferla. Stórar og smáar þjónustukannanir voru gerðar í tengslum við gæðavottunina s.s. á náms- og starfsráðgjöf sem stórefldist þriðja árið í röð. Tæp fimm stöðugildi voru hjá Starfsmennt í árslok en setrið leggur áherslu á að fá til liðs við sig bestu fáanlegu sérfræðinga og fræðsluaðila til að halda utan um framkvæmd margra verkefna. Starfsfólk og stjórn fóru í stefnumótun á árinu þar sem línurnar fyrir framtíðina voru lagðar og ný stefnumið sett. Bæði stjórn og starfsfólk viðuðu að sér þekkingu á nýjum viðfangsefnum og þjálfunarúrræðum m.a. með fræðsluferðum erlendis.

Þjónustu og ráðgjöf setursins var afar vel tekið og þá sérstaklega stofnananámi, eininganámi og náms- og starfsráðgjöf fyrir einstaklinga innan stéttarfélaga BSRB. Mjög góð aðsókn var í heildstætt nám eins og Launaskólann, Skrifstofubraut, Viðurkenndan bókara, Fríhafnarskólann og nám fyrir starfsfólk á innheimtusviði tollstjóra. Þá gengu mörg millistjórnendanámskeið vel s.s. verkefnastjórnun og mannauðsstjórnun en námskeið fyrir atvinnuleitendur síður, sem og starfsnám stuðningsfulltrúa, sem hefur verið flaggskip Starfsmenntar um árabil. Stofnananám fyrir fangaverði, starfsfólk sundlauga og félagsliða gekk afar vel og þá var mikil eftirspurn eftir farandfyrirlestrum. Fjöldi stofnana óskaði eftir að fá stutt, hnitmiðuð og sérvalin námskeið heim í hús og nýttu sveitarfélög sér þá þjónustu í auknu mæli. Af stærri almennum námsleiðum gekk Lífsbraut vel og nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum og námskeið fyrir talsmann breytinga var haldið einu sinni yfir árið. Þá var góð aðsókn í flest samskiptanámskeið, þjónustustjórnun, starfstengda ensku og fjarkennt tölvunám.

Sett voru upp og unnið var áfram að ýmsum þróunarverkefnum s.s. námskrárgerð með Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) og að raunfærnimatsverkefni fyrir félagsliða í samstarfi við FA, Borgarholtsskóla og stéttarfélög með félagsliða innanborðs. Áfram var unnið að því að auðvelda fjölmörgum stofnunum og hagsmunaaðilum sem vinna á sviði gæða-, öryggis- og eftirlitsmála að senda sérfræðinga í vikunámsferðir erlendis en setrið hlaut 19 styrki frá Menntaáætlun ESB til þess. Einnig var sótt um nýtt raunfærnimatsverkefni í samstarfi við sex önnur Evrópulönd til að þróa og rafvæða aðferðafræði raunfærnimats innan opinbera geirans og var það verkefni samþykkt. Bæði þessi verkefni eru til tveggja ára og styrkupphæð fyrir hvort um sig rúmlega 5 milljónir króna.

Starfsmennt sinnti kynningarmálum vel á árinu, hélt áfram að gera samstarfssamninga við fræðslu- og mannauðssjóði og tók þátt í fjölmörgum fundum um starfsþróun og starfsmenntun á vinnumarkaði. Gefnir voru út námsvísar tvisvar á árinu og veffréttabréf sent út mánaðarlega ásamt fjölda rafrænna markpósta á einstaka starfshópa. Margt spennandi er framundan hjá Starfsmennt sem hélt áfram að þróa hagnýt úrræði á sviði mannauðsstjórnunar m.a. með ráðningu nýs mannauðsráðgjafa. Verkefnin eru næg framundan enda mikil gerjun í starfstengdri símenntun og starfsþróunarmálun opinberra starfsmanna. Margir nýir vaxtarbroddar eiga því eftir að líta dagsins ljós og getur Stafsmennt verið leiðandi í að efla nýsköpun og gæðastarf á þessu sviði þar sem sérfræðiþekking setursins til margra ára nýtist vel. Árangur ársins sýnir að Fræðslusetrið Starfsmennt hefur styrkt sig í sessi, jafnt og þétt, sem faglegur og vel kynntur vettvangur á sviði menntunar og mannauðseflingar starfsmanna ríkisins.

# *Fjármögnun og rekstur*

Útgjöld ársins 2012 jukust um 6% frá fyrra ári og voru kr. 118.032.709. Fjárhagsáætlun ársins stóðst nokkuð vel en hún hljóðaði upp á kr. 122.349.000, en breyting varð á einstaka þjónustu- og rekstrarliðum. Að jafnaði störfuðu fjórir starfsmenn allt árið en undir lok þess voru stöðugildin orðin fimm og fullnýtt. Heildartekjur ársins voru kr. 121.197.084. Tekjur frá stofnaðilum hækkuðu á milli ára og voru líkari því sem var árið 2010 en sértekjur í formi námskeiðsgjalda og verkefnastyrkja hækkuðu um 25% á milli ára. Sértekjur setursins hafa því aukist til muna og jafnt og þétt frá árinu 2009. Framlög frá Þróunarsjóði framhaldsfræðslu og samstarfsverkefni með Fræðslumiðstöð atvinnulífsins jukust einnig um 40% milli ára en þau komu fyrst til árið 2010. Ekki var allt nám gangsett á árinu en unnið þess meira í þróunar-, ráðgjafar- og samstarfsverkefnum. Rekstrarhagnaður ársins var kr. 3.068.285 og hrein eign í árslok var kr. 40.394.683.

Árið var það umfangsmesta í rekstri hingað til og þjónustan áfram í þróun. Setrið sýndi að það býr yfir nægjanlegum sveigjanleika til að sækja á ný mið, efla fagleg og framsækin tilboð og kynna mikilvægar áherslur í símenntun og starfsþróun. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda og þróun á milli ára má sjá á töflu hér fyrir neðan:

| **Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda** | **2012** | **2011** | **2010** | **2009** | **2008** | **2007** | **2006** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Launakostnaður | 28,8% | 27% | 21% | 23% | 22% | 18.5% | 17% |
| Annar rekstrarkostnaður | 17% | 17% | 15% | 17% | 14% | 14.6% | 22% |
| Nám og þjónusta | 54,2% | 56% | 64% | 60% | 64% | 66.9% | 61% |
| **Alls** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |

Hlutfall framlaga og sértekna setursins má sjá í næstu töflu ásamt samanburðartölum síðustu ára:

| **Hlutfallslegar rekstrartekjur setursins** | **2012** | **2011** | **2010** | **2009** | **2008** | **2007** | **2006** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Framlög skv. skilagreinum frá stofnunum | 45,7% | 50% | 49% | 53,2% | 65,3% | 53,5% | 62,5% |
| Þróunar- og símenntunarsjóður SFR | 23,7% | 22% | 33% | 33,2% | 28% | 38,5% | 27,8% |
| Þróunar- og símenntunarsjóður bæjarstarfsmannafélaga hjá ríkinu | 1,4% | 2% | 4% | 3,1% | 4% | 3,3% | 3,7% |
| Námskeiðsgjöld og styrkir | 16,2% | 15% | 10% | 10,5% | 2,7% | 4,7% | 6% |
| Framlög úr Fræðslusjóði | 13% | 11% | 4% | - | - | - | - |
| **Alls** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |

## Stjórnun Starfsmenntar

Stjórn setursins breyttist í byrjun árs þegar Ásgeir M. Kristinsson baðst undan stjórnarsetu og fjármála- og efnahagsráðuneytið skipaði Ágústu Hlín Gústafsdóttur, sérfræðing í hans stað. Stjórnin er skipuð tveimur fulltrúum frá annarsvegar stéttarfélögunum og hinsvegar frá stjórnendum og fjármála- og efnahagsráðuneyti. Ásgeir sat einn fund í upphafi árs en eftir það var stjórn skipuð:

Aðalmenn:

- Árni Stefán Jónsson formaður (SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu)
- Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður (Starfsmannaskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytisins)
- Arna Jakobína Björnsdóttir (KJÖLUR – stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu)
- Ágústa Hlín Gústafsdóttir (Starfsmannaskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytisins)

Varamenn:

- Jóhanna Þórdórsdóttir (SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu)
- Ásta Lára Leósdóttir (Starfsmannaskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytisins)
- Þórveig Þormóðsdóttir (Félag starfsmanna stjórnarráðsins)
- Fulltrúi frá Starfsmannaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins

Framkvæmdastjóri var Hulda Anna Arnljótsdóttir.

Stjórnin hélt sjö fundi á árinu og þar af tvo með varastjórn. Ársfundur var haldinn 23. maí þar sem Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, sviðsstjóri Starfsmannasviðs Háskóla Íslands fjallaði um mælikvarða og hvatakerfi innan Háskóla Íslands. Að loknu hennar erindi tóku við venjuleg aðalfundarstörf. Annar sameiginlegur fundur var haldinn 7. desember þar sem Inga Jóna Jónsdóttir, dósent á sviði stjórnunar í Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands fjallaði um rannsókn sína á nýsköpun í opinberum rekstri. Þá stóð stjórn fyrir stefnumótunardegi 30. ágúst þar sem stjórn, varamenn og starfsfólk fengu til liðs við sig ráðgjafa og rýnihóp til að meta stöðuna og horfa til framtíðar. Stjórnin vann úr niðurstöðum á næstu fundum og setti fram stefnumið og starfsmarkmið til næstu missera.

Skoðunarmenn ársreikninga fyrir aðila setursins voru þær Ása Clausen og Guðný E. Leifsdóttir.

Löggiltir endurskoðendur voru frá endurskoðunarskrifstofunni Ernst & Young.

## Samstarfsaðilar

Aðildarfélög að Starfsmennt eru nú 20 stéttarfélög innan BSRB en auk þess hefur setrið gert sérstaka samstarfssamninga við mannauðssjóði bæjarstarfsmanna eins og við KJÖL- stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu og Mannauðssjóð Samflotsins. Í gegnum þá samninga eiga bæjarstarfsmenn sem heyra undir þessi félög greiðari aðgang að námi og þjónustu setursins. Þá starfar setrið einnig með Ríkismennt og Sveitamennt að sameiginlegri stofnanafræðslu. Starfsmennt hélt áfram að horfa út á við á árinu og undirritaði samstarfssamning við Mannauðssjóð KSG sem tryggði starfsmönnum í starfsmannafélögum Kópavogs, Suðurnesja og Garðabæjar aðgang að stofnananámi á vegum Starfsmenntar. Starfsmennt tók einnig þátt í að þróa samstarf við Starfsþróunarsetur háskólamanna til að auðvelda stofnunum að bjóða upp á starfstengt nám og mannauðsráðgjöf, þvert á stéttarfélög og óháð menntunarstigi. Samningur þess efnis var undirritaður á árinu. Markhópur Starfsmenntar heldur því áfram að stækka og Starfsmennt sinnir því í auknu mæli miðlægri þjónustu fyrir öll þessi félög. Það að samstarfssamningarnir eru hver með sínu sniði kallar á öflugt utanumhald af hálfu Starfsmenntar. Það utanumhald skilaði setrinu m.a. á árinu 2012 hæstu sértekjum hingað til.

Starfsmennt á í víðtæku samstarfi við fræðsluaðila, kennara og sérfræðinga um allt land og leggur áherslu á faglegt samstarf á sviði símenntunar og starfsþróunar. Starfsmennt leitar því oft út á við eftir færustu sérfræðingum til að taka að sér framkvæmd fræðsluverkefna. Gerðir voru samstarfssamningar um framkvæmd kennslu og þjálfunar við marga aðila en kennsla fer ýmist fram hjá skólum, símenntunarmiðstöðvum, vinnustöðum eða öðrum þekkingarsetrum. Helstu fræðsluaðilar sem tóku að sér framkvæmd náms má sjá í næstu töflu en Starfsmennt gerir einnig samninga við fjölda verktaka og sérfræðinga sem myndar þannig mun stærra samstarfs- og tengslanet. Helstu fræðsluaðilar sem sáu um framkvæmd náms á árinu eru:

| | |
|---|---|
| Borgarholtsskóli | Hitt og þetta - ráðgjöf |
| BSRB húsið | Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum |
| Endurmenntun Háskóla Íslands | Menntaskólinn í Kópavogi |
| Farskólinn - miðstöð símenntunar á NV | Mímir símenntun ehf. |
| Fjölbrautaskóli Snæfellinga | Mínerva |
| Framhaldsskólinn á Húsavík | Námsflokkar Hafnarfjarðar |
| Framvegis ehf. | Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar |
| Fræðslunet Suðurlands | Símenntun Háskólans á Akureyri |
| Fræðslumiðstöð Vestfjarða | Símenntunarmiðstöð Vesturlands |
| Enskuskólinn | ORB tölvuskólinn ehf. |
| Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Tölvunám.is |
| Gerum betur ehf. | Austurbrú |
| Háskólinn á Akureyri | |

## *Starfsmannahald og starfsþróun*

Fjögur stöðugildi voru hjá Starfsmennt í upphafi árs en undir lok þess voru þau orðin tæplega fimm. Setrið hefur vaxið ár frá ári vegna aukinna verkefna og því var einu stöðugildi bætt við. Starfsmenn setursins allt árið voru auk Huldu Önnu Arnljótsdóttur framkvæmdastjóra, þær Björg Valsdóttir skrifstofustjóri og Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir verkefnastjóri. Guðbjörg Sigurðardóttir, verkefnastjóri lauk störfum sínum á árinu og undir vorið var Marta Gall Jörgensen ráðin sem mannauðsráðgjafi og Valgerður M. Briem tók að sér nýtt starf sem verkefnafulltrúi. Þá starfaði Guðrún H. Sederholm hjá setrinu hluta af árinu og sá um náms- og starfsráðgjafaþjónustuna.

Starfsfólk, framkvæmdastjóri og stjórn sóttu ráðstefnur og námskeið innan lands og utan til að styrkja sig í starfi og nema nýjungar á starfssviði setursins. Starfsmenn fóru á námskeið og ráðstefnur hver á sínu sérsviði og miðluðu nýrri þekkingu til annarra starfsmanna. Björg og Bergþóra sóttu kennslufræðileg námskeið sem menntaðir kennarar og Marta sótti ráðgjafaviðburði, fræðslufundi og ársfundi á sviði mannauðsstjórnunar. Allar sóttu þær upplýsingatækninámskeið um þróun fjarkennslu og tölvunámskeið eftir þörfum. Þá hafa allir starfsmenn Starfsmenntar sótt námskeið um aðferðafræði raunfærnimats. Málþing voru nýtt til að kynna sér niðurstöður innlendra og erlendra verkefna m.a. um færnikröfur starfa, framhaldsfræðslu og verkefnastjórnun. Marta Gall Jörgensen fór einnig í vikunámsferð til Danmerkur til systurstofnunar Starfsmennar og kynnti sér starfsþróunarþjónustu þeirra.

Framkvæmdastjóri fór með fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, fræðslustjóra SFR og forstöðumanni Starfsþróunarseturs háskólamanna til Bandaríkjanna á ráðstefnu um nýjungar innan Oracle tölvukerfis ríkisstarfsmanna. Þá sótti hún ráðstefnu í Noregi um nýsköpun og frumkvöðlastarf og í framahaldi af því evrópska ráðstefnu á Ítalíu um þróun fagmennsku hjá leiðbeinendum í fullorðinsfræðslu. Sú ferð var styrkt af Grundtvig menntaáætlun ESB. Þá sótti framkvæmdastjóri morgunverðafundi Félags forstöðumanna um ýmis stjórnunarmálefni og kynnti þar m.a. starfsemi setursins. Starfsmennt leggur áherslu á að uppfæra þekkingu og framtíðarhæfni starfsfólks og stjórnar með þátttöku í úrvals ráðstefnum og námi og auka þannig getu setursins til að takast á við ný verkefni og innleiða nýjar áherslur á starfssviði setursins.

## *Heimasíða, útgáfur og kynningarstarf*

Starfsmennt sinnti kynningarmálum á hefðbundinn hátt á árinu og tók þátt í viðburðum og fundum þar sem starfsemi setursins var kynnt. Starfsmennt leggur áherslu á vandað kynningarefni til að leggja áherslur á mikilvægi starfstengdrar símenntunar og gefur því út tvisvar á ári kynningarbækling þar sem allt nám og þjónusta setursins er sett fram. Kynningarbæklingurinn berst öllum stofnunum, forstöðumönnum og félagsmönnum aðildarfélaga og er upplagið um 13.000. Þá sendir Starfsmennt mánaðarlega út veffréttabréf þar sem sagt er frá því helsta sem er á döfinni. Veffréttabréfið er hluti af sérhönnuðu vefkerfi Starfsmenntar þar sem auðvelt er að tengja í bakskjöl og inn á skráningarsíður námskeiða og hefur þessi framsetning skilað mörgum greiðlega í nám. Starfsmennt nálgast einnig nemendur sína með rafrænum markpóstum í samstarfi við stofnanir eða starfsgreinar. Heimasíða Starfsmenntar þjónar enn hlutverki sínu en þarf fljótlega endurskoðunar við.

Ársskýrsla og ársreikningar setursins eru einnig gefin út rafrænt og kynnt aðildarfélögunum og þá gerir setrið sig sýnilegt í félagstíðindum stéttarfélaga og kynnir starfsemina á fundum á vegum þeirra og annarra sem þess óska. Starfsmennt tók á árinu virkan þátt í stefnumótandi vinnu um þróun framahaldsfræðslu og starfsmenntunar m.a. á vegum menntamálaráðuneytis, forsætisráðuneytis og innan átaksverkefna s.s. á vegum Vinnumálastofnunar. Þá tekur Starfsmennt þátt í þróunarstarfi um símenntun og ráðgjöf með ýmsum aðilum s.s. Leikn – samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi og á sæti í samráðshópi evrópsks verkefnis FA um raunfærnimat fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu. Í samstarfsverkefnum af þessu tagi nýtur sérfræðiþekking starfsfólks Starfsmenntar sín vel og um leið styrkir setrið tengslanet sitt og kemur sjónarmiðum sínum á framfæri. Vel hefur tekist til með útgáfur og kynningarmál Starfsmenntar á árinu sem meðal annars sést á vaxandi eftirspurn eftir þjónustu setursins, áframhaldandi auknum áhuga utan raða Starfsmenntar á þjónustunni og vel nýttri símaþjónustu setursins sem tilvísunaraðila um allt mögulegt á sviði menntunar.

# Nám og þjónusta

Aðsókn í nám og þjónustu setursins var mjög góð á árinu og ljóst að námsframboð setursins mætir ólíkum fræðsluþörfum. Setrið hefur sýnt sveigjanleika í þróun nýrra námsleiða og ráðgjafaþjónustu sem hefur verið vel nýtt af starfsmönnum, stjórnendum og samstarfsaðilum. Setrið er því farið að þjóna stórum hópi starfsfólks á vinnumarkaði, með öðruvísi og eftirsóknarverðu námsframboði, eins og sjá má á mikilli aukningu á námskeiðstekjum milli ára. Heildarútgjöld náms og þjónustu voru rúm 54% af heildarveltu ársins sem er svipað og árið á undan. Námi og þjónustu setursins má skipta í fjóra flokka eftir umfangi og útgjöldum og hefur hlutur starfstengdra námsleiða, sem ætlaður er stofnunum eða einstaka starfsgreinum, alltaf verið þeirra stærstur. Svo er einnig árið 2012 og eru hlutfallstölur mjög svipaðar á milli ára og breytast einungis um 1-2%.



Skráningum í nám á vef Starfsmenntar fjölgaði milli ára eða úr 3304 og í 3361. Skráningar í nám á vefnum eru notaðar sem viðmiðunarmælikvarði milli ára á umfangi þjónustunnar þar sem rafræn umsýsla í kringum hverja skráningu er umtalsverð og stór hluti af nemendabókhaldi setursins og margskonar þjónustu tengist skráningarkerfinu. Skráningarnar segja þó ekki til um fjölda einstaklinga sem sækja námskeið Starfsmenntar. Alls voru 253 námskeið í boði um allt land á árinu sem er mikil fjölgun frá síðasta ári þegar að 180 titlar voru í boði.

Allt nám Starfsmenntar er félagsmönnum aðildarfélaga að kostnaðarlausu og í mörgum tilfellum opið öðrum sem þá greiða gjald. Aðsókn fólks utan raða Starfsmenntar í þjónustu setursins fer vaxandi en þó aðallega í ráðgjafar- og þróunarverkefnum. Aðsókn utanfélagsmanna í námskeið setursins er svipuð milli ára eða rúm 20% nemenda. Allir sem standa utan aðildar að Starfsmennt greiða gjöld og því hafa tekjur af námskeiðum aukist verulega. Samstarf við mannauðssjóðina skýrir þó að mestum hluta aukningu sértekna á árinu. Hlutfallstölur um þátttöku á námskeiðum eftir stéttarfélögum má sjá hér fyrir neðan en þessi hlutföll eru mjög lík tölum síðasta árs.

**Hlutfallsleg skráning eftir stéttarfélögum:**



## *Starfstengdar námsleiðir*

Starfsmennt býður stofnunum og starfshópum upp á sérsniðnar starfstengdar námsleiðir þar sem bæði er gætt að fagmennsku og sveigjanleika. Námsleiðir Starfsmenntar mynda heildarnámskerfi stofnana eða faghópa og geta verið 20 – 240 stundir. Náminu er ýmist skipt upp í sjálfstæð námskeið eða sérhæfðar námslotur sem starfsmenn velja í samræmi við eigin fræðsluþarfir og framtíðarsýn stofnana. Stýrihópar starfa innan námsleiðanna og eiga þar sæti jafnmargir starfsmenn og stjórnendur. Stýrihóparnir ráða hraða, framboði og fyrirkomulagi náms. Þeir geta einnig breytt áherslum og inntaki námsins ef breytingar verða á starfsumhverfi og tryggt þannig að nám úreldist ekki. Námsleiðir Starfsmenntar eru í senn einstaklingsmiðaðar og sameiginlegar öllum starfsmönnum tiltekinna stofnana sem þeirra símenntunarkerfi. Þær ríma við starfsmarkmið stofnana og eru rauði þráðurinn í fræðslustarfi þeirra. Starfsfólk hefur því yfirsýn yfir símenntunarkerfi stofnunar í heild sinni en ferðast um það á sinn einstaka hátt. Vefkerfi Starfsmenntar er nýtt við skráningar, samskipti, miðlun námsgagna, útskrift og mat, en nám er ýmist haldið hjá fræðsluaðilum, skólum eða á vinnustöðum.

### Á vettvangi - námsleið fyrir læknaritara

Læknaritarar hafa virkan stýrihóp sem ákveður starfstengda fræðslu á hverju ári. Árið 2012 var farið af stað með 2 námslotur á vorönninni um annarsvegar árangursrík samskipti og hinsvegar um starfsþróun og starfshæfni sem m.a. var haldið í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

### Áfangar – námsleið fyrir fangaverði

Starfsmennt hefur undanfarin ár unnið með Fangelsismálastofnun, Félagi fangavarða og SFR að framkvæmd Áfanga II sem er endurskoðuð námskrá og byggð á fræðslugreiningu frá árinu 2011. Boðið var upp á fjölda námskeiða fyrir fangaverði um allt land og ákvað stýrihópur hvaða námskeið væru kennd hverju sinni. Um 3-4 námskeið voru kennd á hvorri önn í Reykjavík og á Selfossi og fjarkennd til  Grundarfjarðar og Akureyrar. Voru þau almennt vel sótt en síðari hluta árs fór að gæta þreytu á þann hátt að skráðir þátttakendur mættu illa og var sú staða rædd innan stýrihópsins.

### Brúarnám fyrir verðandi félagsliða

Starfsmennt hefur boðið upp á brúarnám fyrir verðandi félagsliða í samstarfi við Borgarholtsskóla í nokkur ár og nýlega einnig í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar. Góð aðsókn hefur verið í brúna þar sem starfsreynsla og þátttaka í starfstengdum námskeiðum er metin til eininga og þar með styttist hefðbundið félagsliðanám. Brúarnámið í Borgarholtsskóla er kennt bæði staðbundið og í dreifnámi. Flestir sækja dreifnámið sem er að hluta til fjarkennt eða 31 á vorönn og 68 á haustönn. 11 tóku þátt í staðbundna náminu í Borgarholtsskóla, 6 hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og 2 hjá Fræðsluneti Suðurlands. Starfsmennt greiðir innritunar- og einingagjöld fyrir félagsmenn aðildarfélaganna og er með sérstaka samstarfssamninga við Mannauðssjóð Kjalar, Samflots, KSG og Ríkismennt/Sveitamennt.

### Brúarnám fyrir verðandi heilbrigðisritara

Starfsmennt hefur verið í samstarfi við Fjölbrautaskólann við Ármúla vegna brúarnáms verðandi heilbrigðisritara og hófu 8 nemendur nám á vorönn og 2 á haustönn. Um er að ræða 35 eininga nám sem staðið hefur starfandi móttökuriturum til boða í samstarfi við Þróunar- og símenntunarsjóð SFR. Aðsókn jókst lítillega á milli ára en undir lok ársins var ákveðið í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Landspítalann að hvetja þá móttökuritara sem ekki hafa nám að baki sem heilbrigðisritarar, til að afla sér þeirra réttinda með stuðningi vinnuveitenda og stéttarfélaganna. Sú kynning hófst á árinu.

### Félagsliðar- viðbótarnám og starfstengd námskeið

Mikið var unnið með félagsliðum á árinu og áfram boðið upp á námsáfanga innan viðbótarnáms fyrir félagsliða sem Starfsmennt og Borgarholtsskóli hönnuðu árið 2011. Um er að ræða 36 eininga viðbótarnám þar sem Starfsmennt greiddi innritunar- og einingagjöld fyrir 11 þátttakendur á hvorri

önn. Þá var sett upp námskeiðaröð fyrir veturinn sem samanstóð af 5 námskeiðum sem haldin voru í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar um allt land. Þar var fjallað um geðsjúkdóma, starfsendurhæfingu, öldrun og lífsgæði og breytta hugmyndafræði í þjónustu við fatlað fólk. Þessi námskeiðaröð var m.a. haldin í samstarfi við Ríkismennt, Sveitamennt og Eflingu stéttarfélag sem greiddu fyrir þátttöku sinna félagsmanna en Félag íslenskra félagsliða greiddi fyrir aðra sem ekki áttu aðild að Starfsmennt

## Fríhafnarskólinn – nám og þjónusta fyrir starfsfólk á flugvöllum

Starfsmennt starfaði með Isavia ohf. á árinu og starfsfólki Fríhafnarinnar í samstarfi við SFR og Félag flugmálastarfsmanna. Starfsmennt kom að kennslu í Fríhafnarskólanum og bauð upp á 30 stunda námslotu fyrir starfsfólk Fríhafnarinnar um starfsanda og samstarfsvilja. Um 150 manns sóttu þessi námskeið sem haldin voru ýmist á vinnustað eða hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Starfsmennt hannaði námskeiðin, hélt utan um framkvæmd og skráningar. Á árinu var einnig unnið að nýrri námslotu um markaðs- og kynningarstarf. Þá var einnig boðið upp á námskeið í starfsmannasamtölum og að stýra jafningjum.

## Heilsa – námsleið fyrir starfsfólk á heilbrigðissviði

Heilsa er námsleið sem hönnuð var í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni. Að þessu sinni var boðið upp á námskeið á starfsdegi stofnunarinnar sem allir áttu kost á að sitja. Þá var unnið með heilsugæslunni að því að kynna heilbrigðisritarabrú fyrir þeim riturum í mótttöku sem ekki höfðu lokið því starfsnámi.

## Þróttur – námsleið fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja

Námsleið fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja var hönnuð í samstarfi við KJÖL-stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu og Akureyrabæ og fóru fyrstu námskeiðin af stað á árinu. Um er að ræða 150 kennslustunda námsskrá sem skiptist í 24 námskeið. Verkefnið er unnið með styrk frá Þróunarsjóði framhaldsfræðslu og á árinu var boðið upp á námskeið um sjálfsstyrkingu, sjálfseflingu og að eiga við erfiða á viðskiptavini á Akureyri og Borgarnesi. Þá var verkefnið kynnt fyrir nokkrum sveitarfélögum sem sýndu því mikinn áhuga en eftir á að ganga frá fjármögnun.

## Forystufræðslan

Starfsmennt tók að sér sérverkefni í námshönnun fyrir starfsfólk og stjórnir stéttarfélaga innan ASÍ og BSRB. Framkvæmd var með þeim hætti að Starfsmennt og Félagsmálaskóli alþýðu héldu utan um námskeiðin í sameiningu og var skráningar- og umsýslukerfi Starfsmenntar nýtt til verksins. Starfsmennt kom að kynningarstarfi um námið sem halda átti um allt land, en mörg námskeið féllu niður vegna dræmrar þátttöku.

## Launaskólinn – nám fyrir launafulltrúa hjá ríki og bæ

Launaskólinn er námsleið fyrir launafulltrúa og þá sem koma að starfsmanna- og kjaramálum hjá ríki og bæ. Námsleiðin er alls 84 stundir og er skipt í fjögur námsþemu sem hvert um sig er um 20 stundir. Námið var þróað í samstarfi Starfsmenntar við Samband íslenskra sveitarfélaga, fjármálaráðuneytið og viðkomandi stéttarfélög. Stýrihópur var stofnaður innan verkefnisins sem setti nokkra vinnuhópa á laggirnar sem bjuggu til námsefni og útfærðu áherslur í kennslu. Fyrsta þemað var kennt í byrjun árs 2010 og er skemmst frá því að segja að viðtökurnar hafa verið afar góðar. Á árinu 2012 voru 1-3 námslotur kenndar í Reykjavík, á Egilsstöðum og Akureyri og voru skráningar góðar. Stýrihópur verkefnisins fundaði einnig á árinu og ræddi breytingar á náminu á þann veg að tengjast betur stjórnendum og mannauðs- og fræðslukerfi ríkisins.

## Skil – námsleið fyrir starfsmenn á innheimtusviði tollstjóra

Þessi námsleið var þróuð árið 2009 af hópi starfsmanna tollstjóra og Starfsmenntar með fulltingi Ráðgjafa að láni og var markmið námsins að auka hæfni, gæði samskipta og þjónustu starfsmanna embættisins. Kennt var hjá embættinu á morgnana tvisvar í viku á vor- og haustönn og árið 2012 voru 6 námskeið í boði um sérhæfð málefni eins og kröfurétt, meðferð persónuupplýsinga, siðfræði, samskipti, stjórnsýslu og starfstengda ensku. Námsleiðin er alls 228 klukkustundir og skiptist í tvo efnislega kjarna, verklegt nám og val.

## Skrifstofubraut I og II

Starfsmennt býður upp á skrifstofubraut bæði í fjarnámi og staðbundnu námi fyrir þann stóra hóp sem vinnur fjölbreytt skrifstofustörf. Námið er í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi og er ætlað að efla almenna og sérhæfða færni í íslensku, ensku, bókhaldi, rekstri og skipulagi verkefna. Boðið var upp á nám á Skrifstofubraut I og II og raunfærnimat fyrir reynda starfsmenn. Námið fékk góðar móttökur hjá félagsmönnum en 31 nemandi stundaði nám á 1stu-3ju önn á vorönninni og 29 um haustið. Þá var boðið upp á mat inn í námið í samstarfi við MK og Mími símenntun ehf.

## Starfsnám stuðningsfulltrúa – grunnur og framhald

Hér er um að ræða tvær stórar námsleiðir sem Starfsmennt býður upp á og hefur Framvegis séð um framkvæmdina á annarsvegar 160 stunda grunnnámi og hinsvegar 80 stunda framhaldsnámi. Á árinu 2012 dalaði þátttakan í fyrsta sinn í sögu Starfsmenntar og var grunnnámið einungis haldið á vorönninni en framhaldsnámið báðar annirnar og þar af fjarkennt á Ísafjörð. Ein ástæða þess að þátttaka hefur dalað er að málaflokkurinn hefur færst frá ríki til sveitarfélaga og ekki hefur verið gengið frá réttindum til starfsnáms.

## Tryggingastofnun ríkisins

Starfsmennt hefur haldið utan um starfstengda fræðslu í samstarfi við Tryggingastofnun í mörg ár og á árinu 2012 var boðið upp á samskiptanámskeið og starfstengda ensku.

## Viðurkenndur bókari

Starfsmennt bauð í fyrsta sinn upp á greiðslu þátttökugjalda fyrir sína félagsmenn í Viðurkenndan bókara. Um er að ræða undirbúningsnám fyrir próf til viðurkenndra bókara á vegum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Boðið var upp á námið hjá tveimur aðilum þar sem hægt var að velja á milli ólíkra tímasetninga. Hjá MK var kennt í miðri viku en hjá EHÍ um helgar og að hluta til fjarkennt. Námið er ætlað þeim sem starfa á sviðum bókhalds-, fjármála- og hagdeilda stofnana. Um 15 manns hófu nám á haustönn í MK og 13 hjá EHÍ.

# *Almenn námskeið og tölvunám*

Almenn námskeið Starfsmenntar eru opin öllum þvert á stofnanir eða starfsgreinar. Hér er um að ræða námskeið sem efla almenna starfshæfni og koma til móts við auknar kröfur sem gerðar eru til starfsmanna. Margskonar námskeið eru í boði um stjórnun, tungumál, eflingu sjálfstrausts sem grunn að góðum samskiptum eða sérhæft stjórnunarnám. Þá eru í boði um allt land níu titlar fjarkenndra tölvunámskeiða þar sem kennt er á helstu forrit.

## Enska fyrir atvinnulífið

Góð eftirspurn hefur verið eftir hagnýtu og starfstengdu tungumálanámi sem eykur öryggi starfsfólks við að tjá sig og miðla upplýsingum á ensku. Enskunámskeiðin hafa verið einkar vel sótt frá því farið var af stað með þau árið 2007 og hafa þátttakendur getað valið þau út frá getustigi eða starfstengdum orðaforða. Enska fyrir atvinnulífið hefur verið í boði víða um land í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og stunduðu 38 nemendur 20-30 stunda nám um allt land og flestir á höfuðborgarsvæðinu hjá Námsflokkum Hafnarfjarðar. Einnig var boðið upp á hagnýtt dönskunám sem 15 manns sóttu hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

## Fjarkennt tölvunám

Eins og undanfarin ár hefur Starfsmennt boðið upp á fjarkennt tölvunám um allt land. Markmiðið með tölvunámskeiðunum er að efla almennt tölvulæsi starfsmanna og gera þá þannig færari til að takast á við sérhæfðari verkefni og flóknari tölvuvinnslu. Níu námskeið eru í boði á vorönn og haustönn; Grunnnám, sem er 80 stundir og svo sjö framhaldsnámskeið í Outlook, PowerPoint, Myndvinnslu, Publisher, Word, Excel, Google og Hugarkortum. Framhaldsnámskeiðin eru 26 stundir hvert. Í Grunnnámskeiðin skráðu 52 manns sig til leiks á árinu en 353 einstaklingar völdu framhaldsnámskeiðin. Árið 2011 voru þátttakendur í framhaldsnámskeiðunum 256. Á árinu var einnig boðið upp á ársaðgang að 9 forritum og nýttu 48 manns sér það tilboð.

## Framrás og Rekspölur

Framrásarnámskeiðin, skiptast í þrjú þemu en undanfarin ár hefur einungis verið boðið upp á eitt þema: Ég og starfið sem er alls 36 stundir. Ekki náðist að kenna þann þátt í ár en Rekspölur I og II var kenndur sitthvora önnina.

## Mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu

Þetta 32 stunda nám var sett upp til að gefa starfsfólki yfirsýn yfir uppbyggingu mannauðs og hæfni innan ríkisstofnana. Áhersla er lögð á skipulagningu og stjórnun starfsmannamála og að gefa yfirsýn yfir fræðasviðið sem og hagnýt verkfæri. Fyrst var boðið upp á námskeiðið haustið 2008 og hefur það ávallt verið vel sótt. Endurmenntun Háskóla Íslands hefur séð um framkvæmd á höfuðborgarsvæðinu og var mjög góð þátttaka á árinu en 23 sóttu námið á vorönn og 22 um haustið.

## Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum

Þessi námsleið var hönnuð árið 2009 og var í fyrsta skipti í boði þá um haustið. Þetta er 52 stunda langt nám, ætlað samstarfsfólki stjórnenda sem þarf að búa yfir fjölbreyttri hæfni m.a. til að auðvelda framgang verkefna. Námið hefur fengið mjög góðar viðtökur og m.a. verið fjarkennt. Árið 2012 stundaði 21 nemandi námið á vorönn og um haustið settust 16 nemendur á skólabekk.

## Nýr vettvangur – breytt starf fyrir atvinnuleitendur

Starfsmennt bauð þeim félagsmönnum BSRB sem misst höfðu vinnuna upp á röð námskeiða til að viðhalda virkni og takast á við afleiðingar atvinnuleysis. Um er að ræða 16 sjálfstæð námskeið sem haldin hafa verið í BSRB húsinu tvo morgna í viku. Leitast er við að fá eingöngu bestu sérfræðinga til að kenna á námskeiðunum og hvetja atvinnuleitendur til að nýta öll sín úrræði og bjargráð í atvinnuleitinni. Námskeiðaröðin var misvel nýtt á árinu þar sem sum námskeið voru vel sótt en önnur féllu niður. Ákveðið var að draga úr framboðinu á árinu þar sem þessi námskeið hafa að mestu þjónað hlutverki sínu.

## Talsmaður breytinga og Lífsbraut

Hér er um að ræða tvær námsleiðir sem hafa nýlega verið unnar út frá þróunarverkefnum. Námskeiðið Talsmaður breytinga var kennt í fyrsta skipti haustið 2010 og hefur einungis eitt námskeið verið haldið á ári. Hinsvegar gekk Lífsbraut afar vel sem er 60 stunda námskeið og var það haldið báðar annirnar og sóttu alls 52 nemendur námið.

## Verkefnastjórnun – vinnulag sem virkar

Boðið var upp á námskeiðið Verkefnastjórnun – vinnulag sem virkar, sjöunda árið í röð. Góð þátttaka var á námskeiðinu á árinu en 49 manns sóttu þetta námskeið allt árið en ekki náðist að fjarkenna það eins og fyrri ár.

## Þjónustustjórnun og fleiri minni námskeið

Þjónustustjórnunarnámskeiðin eru haldin í samstarfi við Gerum betur ehf. og er annarsvegar um að ræða stutt fjarkennt námskeið og hinsvegar lengra staðbundið nám. Fjarkennda námskeiðið sátu 34

þátttakendur en þar er horft á 6 örmyndbönd og heimaverkefni leyst. Staðbundna námskeiðið var aðallega nýtt sem farandfyrirlestur innan stofnana. Þá voru haldin nokkur minni námskeið eins og um Starfsanda og samstarfsvilja, Að tjá sig án kvíða, Upplýsinga- og skjalastjórnun og Starfsmannasamtöl. Þessi minni námskeið sem voru opin öllum féllu sum niður á árinu en hlutar þeirra nýttust sem farandfyrirlestrar sem stofnanir kölluðu eftir.

## *Þjónusta við stofnanir*

Starfsmennt veitir stofnunum fjölbreytta þjónustu til að greiða leið lærdóms á vinnustað og efla mannauð stofnana. Þessari þjónustu má skipta í fernt: Ráðgjafa að láni sem er sérsniðin mannauðsþjónusta, farandfyrirlestra sem stofnanir geta kallað eftir, einstaklingsmiðuð náms- og starfsráðgjöf og þróunarverkefni þar sem niðurstöður nýtast þvert á stofnanir. Þá greiðir setrið einnig leið félagsmanna aðildarfélaga í nám með ferða- og dvalarstyrkum.

### Ráðgjafi að láni

Verkefnið Ráðgjafi að láni hefur staðið stofnunum til boða á vegum Starfsmenntar í mörg ár og hafa verið sett upp tæplega 100 verkefni. Stofnanir óska oftast eftir aðkomu ráðgjafans til að vinna að ýmsum þáttum mannauðseflingar og aðstoða ráðgjafarnir þá í u.þ.b. 45 klukkustundir eftir umfangi verkefna. Það er til marks um gæði þjónustunnar að algengt er að óskað sé eftir framhaldsvinnu ráðgjafans til að leggja betri grunn að markvissri mannauðsstjórnun. Einnig er um að ræða stuðning til að takast á við álag og erfið mál. Helstu viðfangsefni ráðgjafanna eru margskonar vinnustaðargreiningar, greiningar á fræðsluþörfum, uppsetning stofnananáms, hæfnigreiningar starfa eða aðstoð við gerð mannauðsstefnu. Þá hefur ráðgjafinn einnig aðstoðað við innleiðingu starfsmannasamtala. Starfsmennt kostar vinnuna að því gefnu að hún nýtist félagsmönnum aðildarfélaganna og að niðurstöðurnar megi nýta með öðrum stofnunum. Á árinu var mikil fjölgun í eftirspurn eftir farandfyrirlestum og náms- og starfsráðgjöf. Ráðgjafi að láni var í hefðbundnum farvegi en mikil undirbúningsvinna fór fram til að mæta þörfum stofnana á þessu sviði. Þá sá starfsfólk Starfsmenntar meira um þjónustuna og minna var um aðkeypta vinnu verktaka. Verkefnið var kynnt víðsvegar og fundað um mögulegt samstarf sem síðar komst ekki á laggirnar. Sú staða skrifast m.a. á álag innan stofnana og einnig skort á þróun þjónustunnar. Stofnanir óskuðu meira eftir styttri verkefnum en áður sem dreift var yfir lengri tíma og sinnt af ýmsum sérfræðingum í stað eins ráðgjafa. Á árinu var unnið að eftirtöldum verkefnum:

**Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins**: Greining á fræðsluþörf og breytingastjórnun.

**Héraðsdómstólar**: Fræðsluáætlun og endurskoðun stofnananáms.

**Vinnumálastofnun**: Þjónustustjórnun, gildi og þjónustustefna.

**Landgræðsla ríkisins**: Drög að vinnustaðargreiningu og þarfagreiningu fræðslu.

**Fangelsismálastofnun**: Undirbúningur fyrir starfsmannasamtöl og vinnustaðargreiningu.

**Heilbrigðisstofnun Suðurlands:** Undirbúningur fyrir samstarf með Ríkismennt um greiningu fræðslu.

### Farandfyrirlestrar

Farandfyrirlestrar voru afar vel nýttir á árinu. Með þeim er boðið upp á fjölbreytt úrval stuttra og snarpra fyrirlestra og námskeiða sem stofnanir geta kallað eftir þegar þeim hentar best. Í flestum tilfellum er skráningarkerfi Starfsmenntar nýtt. Markmiðið er að efla símenntun og starfsþróun ríkisstarfsmanna með því að gefa þeim kost á utanaðkomandi sérfræðingum til að fjalla um það sem efst er á baugi hverju sinni. Fræðslan getur nýst starfsfólki og stjórnendum á margan hátt. Hún getur verið þeim hvatning til að breyta og bæta, vakið upp spurningar eða skapað umræður og ný sjónarhorn. Með farandfyrirlestrunum vill Starfsmennt ýta undir þátttöku, samræðu og samstarf starfsfólks og stjórnenda um símenntun og starfsþróun og efla námsmenningu vinnustaða. Óskað var eftir eftirtöldum farandfyrirlestum á árinu:

| Stofnun | Fyrirlestrar |
|---|---|
| Heilbrigðisstofnun Þingeyinga | Vellíðan í vinnunni<br>Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur<br>Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn |
| Skálatún | Vellíðan í vinnunni<br>Að leysa ágreining |
| Ríkisskattstjóri | Að skrifa góða íslensku |
| Flensborg | Jákvæð samskipti<br>Samskipti á kvennavinnustað |
| Kópavogsbær | Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn<br>Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur |
| Ísafjarðabær- fjölskyldusvið | Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur<br>Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn<br>Stjórnun í erfiðu árferði<br>Vinnugildi og siðfræði starfs<br>Markviss mannauðsstjórnun<br>Vellíðan í vinnunni |
| Þjóðskrá | Vellíðan í vinnunni |
| Landgræðsla ríkisins | Góður starfsandi gegn streitu |
| Einkaleyfastofa | Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn |
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | Vellíðan í vinnunni |
| Siglufjörður | Að efla liðsheild |
| Vinnumálastofnun | Þjónustustjórnun |
| Fjallabyggð | Streita, álag og erfið mál |
| Fjarðabyggð - Fosa | Samskipti á kvennavinnustað |
| Hrafnista | Þjónustustjórnun |
| Landspítali – Rjóður | Samskipti |
| Héraðsdómstólar | Líkamsbeiting og vinnuvernd |

## Náms- og starfsráðgjöf

Fjöldi náms-og starfsráðgjafaviðtala jókst á árinu úr 283 viðtölum í 294. Flest viðtölin voru tekin við fólk sem var í starfi eða 178 viðtöl en 116 við atvinnuleitendur innan stéttarfélaga BSRB. Þjónustan nýttist einnig til námshvatningar á vinnustað og við gerð símenntunaráætlana starfsfólks. Fræðslusetrið Starfsmennt var í miklu samstarfi fjórða árið í röð við Vinnumálastofnun hvað varðaði bæði viðtöl og tilboð um nám til atvinnuleitenda. Náms-og starfsráðgjöfin nýttist afar vel til að upplýsa fólk um margskonar menntamöguleika og upplýsingar um styrki sem félagsmenn geta sótt um. Verið er að þróa nýjar nálganir í túlkun á Strong áhugasviðsprófi og styrkja nýtingu þess með ítarlegum viðtölum. Starfsmennt er einnig að leita leiða til að koma náms-og starfsráðgjöf upp sem einstaklingsþjónustu innan stofnana. Rafrænt heildarmat á ráðgjöfinni var framkvæmt á haustönn 2012 og sent á 550 netföng og fengist þannig greinargóðar upplýsingar um nýtingu og viðtökur ráðgjafarinnar. Niðurstöður voru mjög jákvæðar í garð þjónustunnar, aðbúnaðs og viðmóts starfsfólks.

Konur voru í miklum meirihluta ráðþega eins og á s.l. ári eða 224 á móti 70 körlum. Fæstir þeir sem koma í ráðgjöfina hjá Starfsmennt eru undir 25 ára aldri en flestir á aldrinum 26 – 56 ára. 84 voru eldri en 56 ára. Meirihluti þeirra sem kom í ráðgjöfina var í starfi en vildi nýta

sér þjónustu ráðgjafa við endurmenntunaráform, könnun áhugasviðs og samningu ferilskrár. Menntunarstig ráðþega var mun hærra en árin á undan eða 197 með stúdentspróf og háskólamenntun. Margir voru með fleiri en eitt mastерspróf á háskólastigi og nefndu að stundum létu þeir þess ógetið í atvinnuumsóknum þar sem þeim fannst það jafnvel draga úr möguleikum þeirra á að fá starf. Helstu niðurstöður viðtala voru að flestir ráðþegar tóku þjónustunni vel og nýttu sér til að viðhalda og efla starfshæfni með því að sækja námskeið á vegum Starfsmenntar, taka áhugasviðspróf og styrkja símenntunaráform sín.















## Þróunarverkefni og styrkir

Starfsmennt hefur frumkvæði að og tekur þátt í þróunarverkefnum sem miða að því að vinna að nýjungum á starfssviði setursins og styrkja innleiðingu verkefna. Áfram var unnið að námskrárgerð og tilraunakennslu námsleiða fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja og Lífsbrautar og grunnur fyrir námskrárgerð styrktur í samstarfi við aðra fræðsluaðila. Verið er að móta vinnu- og verklag til að skrifa nám á samræmdan hátt þannig að það nýtist hvar sem það er stundað. Gæðavottun Starfsmenntar sem fræðsluaðili á sviði framhaldsfræðslu styður við þessa þróun en stefnt er að því að stofnananám og stofnananámskeið verði sett fram í samræmi við íslenskan hæfnigreiningaramma sem framhaldsskóla- og framhaldsfræðslulög kveða á um. Þá var unnið með evrópskst starfsmannaskiptaverkefni sem felst í því að senda 19 sérfræðinga í vikunámsferðir erlendis til að kynnast nýjungum á sviði starfstengdrar símenntunar en þetta verkefni varir í 2 ár og tilgangur þess er að ýta undir nýjungar á sviði menntunar starfsfólks og kynna þjónustu Starfsmenntar sem leiðandi þjónustuaðila á þessu sviði. Í byrjun ársins var sótt um annað evrópskt samstarfsverkefni sex þjóða sem gengur út á að þróa hagnýtar aðferðir til að raunfærnimeta störf innan opinbera geirans. Verkefnið var skrifað á árinu og samþykkt undir lok þess og hófst þá undirbúningur fyrir framkvæmd. Verkefnastyrkirnir eru rúmar 5 milljónir í hvoru verkefni sem vara í tvö ár. Þá tóku starfsmenn setursins þátt í viðburðum, nefndum og samstarfshópum til að vinna og móta tillögur um þróun starfsnáms og símenntunar í samstarfi við fjölmarga hagsmunaaðila og unnu með ytri og innri mats- og stjórnunarferla til að byggja upp gæðakerfi setursins.

# Lokaorð

Starfsmennt hélt áfram að vaxa á árinu og styrkti stöðu sína sem veitandi náms og þjónustu til opinberra starfsmanna og stofnana. Árið er stærsta árið í sögu Starfsmenntar hvað varðar umfang þjónustunnar og fjölda verkefna. Innan setursins hefur byggst upp þekking og hagnýt nálgun á sérstöðu starfa hjá ríkinu. Með öflugri starfsmenntun, raunhæfum möguleikum til starfsþróunar og mati á raunfærni, á starfsfólk meiri möguleika á að halda virði sínu á vinnumarkaði og takast á við ný og breytt verkefni. Þannig er byggt jafnt og þétt, og í samstarfi fjölmargra hagsmunaaðila, undir framtíðarhæfni starfa, þróun starfsumhverfis, eflingu námsmenningar og gæðastarfs stofnana.

Setrið sýndi sveigjanleika á árinu og annaði vel eftirspurn með nýjum og framsæknum áherslum og verkefnum. Þátttaka í sérsniðnu stofnananámi tók við sér á árinu og þá sérstaklega stutt og hnitmiðuð þjónusta eins og ráðgjöf og farandfyrirlestrar. Námsþátttaka jókst en margt benti til að álag væri mikið á starfsfólki og aðeins dró úr þátttöku í almennum námskeiðum. Hinsvegar fer ytra samstarf vaxandi eins og sértekjur setursins bera með sér. Starfsmennt hélt áfram að kynna starfið út á við og gerði samninga við mannauðssjóði bæjarstarfsmanna á höfuðborgarsvæðinu og fræðslusjóði stéttarfélaga bæði á almennum vinnumarkaði og meðal háskólamenntaðra, til að greiða leið starfsfólks í stofnananám. Með þessum samningum hefur eftirspurn eftir þjónustu setursins aukist t.d. meðal sveitarfélaga um allt land og stjórnendur eru að átta sig á samstarfi hinna ýmsu fræðslusjóða sem ætlað er að einfalda framkvæmd náms og þjónustu gagnvart stofnunum.

Mannauðsþjónusta setursins var með svipuðu sniði og árið á undan en mikil undirbúningsvinna var unnin til að styrkja stoðir þeirrar þjónustu. Tilkoma fleiri fræðslusjóða kallaði á nauðsyn þess að stilla saman strengi til að auðvelda stofnunum að nýta þessa þjónustu. Náms- og starfsráðgjöfin var afar vel nýtt með atvinnuleitendum og innan raunfærnimatsverkefna en ekki síður til að styrkja og hvetja starfsfólk til að sinna eigin starfsþróun. Starfsmennt tók einnig þátt í stefnumótandi verkefnum á sviði fullorðinsfræðslu og þróun starfsmenntunar þar sem ræddar voru nýjar nálganir í framsetningu náms og þjálfunar. Mikilvægt er að halda áfram að þróa stofnananám og starfsþróunarleiðir í samstarfi allra aðila og þar skipta hæfnigreiningar starfa máli en þær þætta saman fræðsluþörf, uppsetningu náms og mat á raunfærni. Einnig er brýnt að taka þátt í þróun samhæfðra námseininga sem nýtast einstaklingum hvar sem nám er stundað að uppfylltum gæðakröfum. Starfsmennt getur verið leiðandi á sínu starfssviði þar sem sérfræðiþekking setursins og áralöng reynsla af samstarfi við stofnanir ríkis og bæja, nýtist vel.

# Skráningar á námskeið 2012

| Námsleiðir og námskeið | Dagsetning | Skráning | Stundir |
|---|---|---|---|
| 50+ Hagnýtt nám í lífi og starfi | 10.1.2012 | 3 | 0 |
| 50+ Hagnýtt nám í lífi og starfi | 10.9.2012 | 6 | 0 |
| Að tjá sig án kvíða | 19.3.2012 | 4 | 16 |
| Að tjá sig án kvíða | 9.10.2012 | 8 | 16 |
| Á vettvangi - Árangursrík samskipti | 7.3.2012 | 12 | 10 |
| Á vettvangi - Hlutverk og hæfni læknaritara - Selfossi | 11.1.2012 | 11 | 12 |
| Áfangar - Afbrigðileg hegðun fanga - Þunglyndi, geðraskanir og fíkn Akureyri | 27.3.2012 | 3 | 4 |
| Áfangar - Afbrigðileg hegðun fanga - Þunglyndi, geðraskanir og fíkn Akureyri | 28.3.2012 | 3 | 4 |
| Áfangar - Afbrigðileg hegðun fanga - Þunglyndi, geðraskanir og fíkn Grundarfirði | 27.3.2012 | 5 | 4 |
| Áfangar - Afbrigðileg hegðun fanga - Þunglyndi, geðraskanir og fíkn Grundarfirði | 28.3.2012 | 4 | 4 |
| Áfangar - Afbrigðileg hegðun fanga - Þunglyndi, geðraskanir og fíkn Reykjavík | 13.3.2012 | 9 | 4 |
| Áfangar - Afbrigðileg hegðun fanga - Þunglyndi, geðraskanir og fíkn Reykjavík | 15.3.2012 | 9 | 4 |
| Áfangar - Afbrigðileg hegðun fanga - Þunglyndi, geðraskanir og fíkn Selfossi | 27.3.2012 | 12 | 4 |
| Áfangar - Afbrigðileg hegðun fanga - Þunglyndi, geðraskanir og fíkn Selfossi | 28.3.2012 | 9 | 4 |
| Áfangar - Ákveðniþjálfun Akureyri | 24.4.2012 | 2 | 4 |
| Áfangar - Ákveðniþjálfun Akureyri | 26.4.2012 | 3 | 4 |
| Áfangar - Ákveðniþjálfun Grundarfjörður | 24.4.2012 | 5 | 4 |
| Áfangar - Ákveðniþjálfun Grundarfjörður | 26.4.2012 | 4 | 4 |
| Áfangar - Ákveðniþjálfun Reykjavík | 8.5.2012 | 17 | 4 |
| Áfangar - Ákveðniþjálfun Selfossi | 24.4.2012 | 10 | 4 |
| Áfangar - Ákveðniþjálfun Selfossi | 26.4.2012 | 10 | 4 |
| Áfangar - Sjálfsvörn Grundarfirði | 26.1.2012 | 6 | 4 |
| Áfangar - Smitsjúkdómar Akureyri | 24.1.2012 | 3 | 4 |
| Áfangar - Smitsjúkdómar Akureyri | 31.1.2012 | 2 | 4 |
| Áfangar - Smitsjúkdómar Grundarfirði | 24.1.2012 | 3 | 4 |
| Áfangar - Smitsjúkdómar Grundarfirði | 31.1.2012 | 4 | 4 |
| Áfangar - Smitsjúkdómar Reykjavík | 19.1.2012 | 9 | 4 |
| Áfangar - Smitsjúkdómar Reykjavík | 26.1.2012 | 11 | 4 |
| Áfangar - Smitsjúkdómar Selfossi | 24.1.2012 | 12 | 4 |
| Áfangar - Smitsjúkdómar Selfossi | 31.1.2012 | 11 | 4 |
| Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum | 23.1.2012 | 2 | 19,5 |
| Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum | 10.9.2012 | 3 | 19,5 |
| Danska II | 20.2.2012 | 6 | 19,5 |
| Danska II | 1.10.2012 | 4 | 19,5 |
| Einkaleyfastofa - Starfsmannasamtöl fyrir starfsfólk | 1.11.2012 | 17 | 4 |
| Enska fyrir atvinnulífið - Hafnarfjörður | 24.1.2012 | 8 | 20 |
| Enska fyrir atvinnulífið - Hafnarfjörður | 25.9.2012 | 13 | 20 |
| Enska fyrir atvinnulífið - talmál - Egilsstaðir | 26.9.2012 | 1 | 20 |
| Enska fyrir atvinnulífið - talmál - Ísafjörður | 24.1.2012 | 1 | 24 |
| Enska fyrir atvinnulífið - talmál - Ísafjörður | 8.10.2012 | 1 | 24 |
| Enska fyrir atvinnulífið - talmál-Akureyri | 31.1.2012 | 2 | 16 |
| Enska fyrir atvinnulífið - talmál-Reyðarfjörður | 24.9.2012 | 3 | 20 |
| Enska fyrir atvinnulífið - talmál-Suðurland | 23.1.2012 | 6 | 24 |
| Enska fyrir atvinnulífið - talmál-Suðurland | 17.9.2012 | 4 | 24 |
| Félag íslenskra félagsliða - Geðsjúkdómar - Akureyri | 22.3.2012 | 12 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Geðsjúkdómar - Borgarnes | 22.3.2012 | 1 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Geðsjúkdómar - Egilsstaðir | 22.3.2012 | 3 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Geðsjúkdómar - Hólmavík | 22.3.2012 | 2 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Geðsjúkdómar - Húsavík | 21.3.2012 | 9 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Geðsjúkdómar - Ísafjörður | 21.3.2012 | 7 | 4 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Félag íslenskra félagsliða - Geðsjúkdómar - Reykjanesbær | 21.3.2012 | 5 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Geðsjúkdómar - Reykjavík | 21.3.2012 | 19 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Geðsjúkdómar - Reykjavík | 22.3.2012 | 5 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Geðsjúkdómar - Sauðárkrókur | 21.3.2012 | 4 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Geðsjúkdómar - Selfoss | 22.3.2012 | 4 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Starfsendurhæfing, atvinna með stuðningi - Akureyri | 14.2.2012 | 7 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Starfsendurhæfing, atvinna með stuðningi - Borgarnes | 15.2.2012 | 2 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Starfsendurhæfing, atvinna með stuðningi - Egilsstöðum | 15.2.2012 | 4 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Starfsendurhæfing, atvinna með stuðningi - Húsavík | 14.2.2012 | 11 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Starfsendurhæfing, atvinna með stuðningi - Höfn í Hornafirði | 15.2.2012 | 1 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Starfsendurhæfing, atvinna með stuðningi - Ísafjörður | 14.2.2012 | 10 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Starfsendurhæfing, atvinna með stuðningi - Reykjanesbær | 15.2.2012 | 4 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Starfsendurhæfing, atvinna með stuðningi - Reykjavík | 14.2.2012 | 4 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Starfsendurhæfing, atvinna með stuðningi - Reykjavík | 15.2.2012 | 8 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Starfsendurhæfing, atvinna með stuðningi - Sauðárkrókur | 14.2.2012 | 5 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða - Starfsendurhæfing, atvinna með stuðningi - Selfoss | 15.2.2012 | 1 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Aldraðir og lífsgæði - Akureyri | 12.4.2012 | 9 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Aldraðir og lífsgæði - Borgarnes | 12.4.2012 | 2 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Aldraðir og lífsgæði - Egilsstaðir | 12.4.2012 | 2 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Aldraðir og lífsgæði - Hólmavík | 11.4.2012 | 1 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Aldraðir og lífsgæði - Ísafjörður | 11.4.2012 | 9 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Aldraðir og lífsgæði - Reykjanesbær | 11.4.2012 | 5 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Aldraðir og lífsgæði - Reykjavík | 11.4.2012 | 7 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Aldraðir og lífsgæði - Reykjavík | 12.4.2012 | 9 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Aldraðir og lífsgæði - Sauðárkrókur | 11.4.2012 | 4 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Aldraðir og lífsgæði-Húsavík | 11.4.2012 | 9 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Aldraðir og lífsgæði-Selfoss | 11.4.2012 | 1 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Þjónusta við fatlað fólk á heimilum sínum - Reykjavík | 17.1.2012 | 6 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Þjónusta við fatlað fólk á heimilum sínum - Reykjavík | 18.1.2012 | 8 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Þjónusta við fatlað fólk á heimilum sínum-Akureyri | 18.1.2012 | 8 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Þjónusta við fatlað fólk á heimilum sínum-Borgarnes | 18.1.2012 | 3 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Þjónusta við fatlað fólk á heimilum sínum-Egilsstaðir | 18.1.2012 | 11 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Þjónusta við fatlað fólk á heimilum sínum-Húsavík | 17.1.2012 | 9 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Þjónusta við fatlað fólk á heimilum sínum-Höfn í Hornafirði | 18.1.2012 | 3 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Þjónusta við fatlað fólk á heimilum sínum-Ísafjörður | 17.1.2012 | 13 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Þjónusta við fatlað fólk á heimilum sínum-Reykjanesbær | 18.1.2012 | 6 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Þjónusta við fatlað fólk á heimilum sínum-Sauðárkrókur | 17.1.2012 | 4 | 4 |
| Félag íslenskra félagsliða-Þjónusta við fatlað fólk á heimilum sínum-Selfoss | 17.1.2012 | 3 | 4 |
| Félagsliðabrú staðbundið- og fjarnám vor 2012 hjá BHS, Mími, MSS og Fræðslunetinu á Suðurlandi | Síðdegisnám | 72 | |
| Félagsliðabrú staðbundið- og fjarnám haust 2012 hjá BHS, Mími, MSS og Fræðslunetinu á Suðurlandi | Dreifnám | 86 | |
| Fjallabyggð - Efling liðsheildar og vinna í teymum | 24.5.2012 | 24 | 4 |
| Fjallabyggð - Streita, álag og erfið mál | 7.6.2012 | 19 | 4 |
| Fjallabyggð - Vellíðan í vinnunni | 3.5.2012 | 43 | 4 |
| Flensborg - Jákvæð samskipti | 17.12.2012 | 13 | 8 |
| Flensborg - Samskipti á kvennavinnustað | 27.3.2012 | 18 | 4 |
| Forystufræðsla - Danska fyrir starfsfólk stéttarfélaga | 23.3.2012 | 1 | 12 |
| Forystufræðsla BSRB - Hópavinna, krefjandi samskipti og streita | 25.1.2012 | 20 | 12 |
| Forystufræðslan - Að takast á við breytingar | 14.5.2012 | 4 | 4 |
| Forystufræðslan - Alþjóðasamstarf, fjölþjóðlegur vinnumarkaður og fjölmenning á vinnustað | 15.2.2012 | 1 | 8 |
| Forystufræðslan - Fjármál og fjárreiður stéttarfélaga | 15.3.2012 | 9 | 8 |
| Forystufræðslan - Hlutverk og hugmyndafræði stéttarfélaga - Jafnrétti | 14.2.2012 | 3 | 8 |
| Forystufræðslan - Réttindakerfið | 16.3.2012 | 8 | 9 |
| Forystufræðslan – Réttindakerfið I - Akureyri | 5.11.2012 | 3 | 6 |
| Forystufræðslan – Réttindakerfið I - Egilsstaðir | 19.11.2012 | 4 | 6 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Forystufræðslan – Réttindakerfið I - Ísafjörður | 28.11.2012 | 2 | 6 |
| Forystufræðslan – Réttindakerfið I og Jafnlaunakerfi og jafnrétti – Reykjavík | 30.10.2012 | 10 | 9 |
| Forystufræðslan – Samningatækni og Að takast á við breytingar – Reykjavík | 26.11.2012 | 20 | 9 |
| Forystufræðslan – Samningatækni og Jafnlaunakerfi/jafnrétti – Akureyri | 6.11.2012 | 3 | 9 |
| Forystufræðslan – Samningatækni og Jafnlaunakerfi/jafnrétti – Egilsstaðir | 20.11.2012 | 2 | 9 |
| Forystufræðslan – Samningatækni og Jafnlaunakerfi/jafnrétti – Ísafjörður | 29.11.2012 | 2 | 9 |
| Forystufræðslan - Símenntun, starfsþróun og virk hlustun | 15.5.2012 | 4 | 8 |
| FOSA - Samskipti á kvennavinnustað og vellíðan í vinnunni | 14.9.2012 | 18 | 8 |
| Framrás 1 - Ég og starfið | 15.10.2012 | 8 | 36 |
| Fríhafnarskólinn- Lota 1 Starfsandi og samstarfsvilji | 10.1.2012 | 45 | 30 |
| Fríhafnarskólinn- Lota 1 Starfsandi og samstarfsvilji | 12.1.2012 | 45 | 30 |
| Fríhafnarskólinn- Lota 1 Starfsandi og samstarfsvilji | 26.1.2012 | 16 | 30 |
| Fríhafnarskólinn- Lota 1 Starfsandi og samstarfsvilji | 29.3.2012 | 83 | 30 |
| Heilbrigðisritarabrú vor og haust FÁ | | 8 | |
| Heilbrigðisstofnun Þingeyinga - Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn | 22.11.2012 | 8 | 6 |
| Heilbrigðisstofnun Þingeyinga - Vellíðan á vinnustað | 21.11.2012 | 9 | 3 |
| Hrafnista - Þjónustustjórnun | 11.4.2012 | 8 | 6 |
| Hrafnista - Þjónustustjórnun | 12.4.2012 | 19 | 6 |
| Isavia - Að stjórna jafningjum | 15.3.2012 | 15 | 10 |
| Ísafjarðarbær, fjölskyldusvið - Markviss mannauðsstjórnun | 12.3.2012 | 2 | 4 |
| Ísafjarðarbær, fjölskyldusvið - Stjórnun í erfiðu árferði | 16.4.2012 | 19 | 4 |
| Ísafjarðarbær, fjölskyldusvið - Vinnugildi og siðfræði starfs | 14.3.2012 | 17 | 4 |
| Ísafjörður - Starfsmannasamtöl, starfsmenn | 12.11.2012 | 2 | 6 |
| Ísafjörður - Starfsmannasamtöl, stjórnendur | 30.11.2012 | 17 | 8 |
| Ísafjörður - Vellíðan í vinnunni | 31.10.2012 | 6 | 4 |
| Kópavogsbær - Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn - Eftir hádegi | 29.11.2012 | 5 | 4 |
| Kópavogsbær - Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn - Fyrir hádegi | 29.11.2012 | 15 | 4 |
| Kópavogsbær - Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur | 7.12.2012 | 17 | 8 |
| Landgræðslan - Góður starfsandi gegn streitu | 7.11.2012 | 52 | 4 |
| Landspítali, Rjóður - Samskipti á kvennavinnustað | 25.5.2012 | 4 | 3 |
| Launaskólinn - Starfsfólk skóla - sérstakir launaútreikningar - Egilsstöðum | 14.2.2012 | 13 | 8 |
| Launaskólinn - Vaktavinna, bakvaktir og afbrigðilegur vinnutími - Egilsstöðum | 13.2.2012 | 17 | 8 |
| Launaskólinn - Þema I - Opinber vinnumarkaður, ráðning, starfslok og starfsskyldur | 20.2.2012 | 26 | 22 |
| Launaskólinn - Þema II - Vinnutími og afgreiðsla launa - Grunnnámskeið, Egilsstöðum | 6.2.2012 | 15 | 16 |
| Launaskólinn - Þema III - Fjarvera frá vinnu - launaðar fjarvistir | 9.2.2012 | 13 | 14 |
| Launaskólinn - Þema IV - Mannauður og hæfni | 11.4.2012 | 18 | 18 |
| Launaskólinn Þema III - Akureyri | 5.3.2012 | 20 | 14 |
| Launaskólinn Þema III - Egilsstöðum | 12.11.2012 | 18 | 14 |
| Launaskólinn Þema IV - Mannauður og hæfni Akureyri | 7.11.2012 | 19 | 18 |
| Lífsbraut - Þekkingarbrot um líf einstaklinga, þróun samfélaga og söguleg áhrif | 12.3.2012 | 30 | 60 |
| Lífsbraut - Þekkingarbrot um líf einstaklinga, þróun samfélaga og söguleg áhrif | 1.10.2012 | 23 | 60 |
| LÍN - Vellíðan í vinnunni | 10.10.2012 | 28 | 4 |
| Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum | 6.3.2012 | 20 | 52 |
| Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum | 22.10.2012 | 16 | 60 |
| Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum-Fjarnám Egilsstaðir | 22.10.2012 | 1 | 60 |
| Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu | 10.5.2012 | 23 | 32 |
| Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu | 22.11.2012 | 22 | 32 |
| Námskeið fyrir atvinnuleitendur - Að sækja um starf og fá starf | 29.3.2012 | 49 | 4 |
| Nýr vettvangur - Að auka persónulegan styrk sinn | 12.4.2012 | 18 | 8 |
| Nýr vettvangur - Að efla sjálfstraust og sjálfsöryggi | 14.2.2012 | 17 | 4 |
| Nýr vettvangur - Að efla sjálfstraust og sjálfsöryggi | 6.11.2012 | 16 | 4 |
| Nýr vettvangur - Að geta talað máli sínu | 23.2.2012 | 19 | 6 |
| Nýr vettvangur - Að geta talað máli sínu | 13.11.2012 | 5 | 6 |
| Nýr vettvangur - Að skipuleggja fjármál heimilisins | 21.2.2012 | 5 | 4 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nýr vettvangur - Að sækja um starf | 29.11.2012 | 2 | 4 |
| Nýr vettvangur - Að takast á við breytingar | 1.3.2012 | 16 | 4 |
| Nýr vettvangur - Áfallahjálp og viðbrögð við vá | 28.2.2012 | 16 | 4 |
| Nýr vettvangur - Áhugasviðsgreining og túlkun | 24.4.2012 | 23 | 4 |
| Nýr vettvangur - Færnimappa og áhugasvið | 10.4.2012 | 16 | 4 |
| Nýr vettvangur - Hagfræði skynseminnar | 21.2.2012 | 14 | 4 |
| Nýr vettvangur - Hagfræði skynseminnar | 8.11.2012 | 1 | 4 |
| Nýr vettvangur - Hollusta og heilbrigði | 6.3.2012 | 23 | 4 |
| Nýr vettvangur - Hollusta og heilbrigði | 15.11.2012 | 3 | 4 |
| Nýr vettvangur - Hvað er gagnrýnin hugsun? | 8.3.2012 | 19 | 4 |
| Nýr vettvangur - Hvatning og seigla á óvissutímum | 27.3.2012 | 17 | 4 |
| Nýr vettvangur - Kynning á menntunarmöguleikum og námsstyrkjum | 22.3.2012 | 14 | 4 |
| Nýr vettvangur - Kynning á menntunarmöguleikum og námsstyrkjum | 27.11.2012 | 1 | 4 |
| Nýr vettvangur - Námsráðgjöf og starfsval | 13.3.2012 | 14 | 4 |
| Nýr vettvangur - Námstækni og hæfileikinn til að læra | 15.3.2012 | 25 | 4 |
| Nýr vettvangur - Námstækni og hæfileikinn til að læra | 20.11.2012 | 2 | 4 |
| Nýr vettvangur - Þróun starfa og símenntun | 20.3.2012 | 15 | 6 |
| Nýr vettvangur - Þróun starfa og símenntun | 22.11.2012 | 1 | 6 |
| Rekspölur 1 | 9.11.2012 | 14 | 60 |
| Rekspölur 2 | 23.3.2012 | 15 | 60 |
| RSK - Að skrifa góða íslensku | 17.9.2012 | 4 | 8 |
| RSK - Að skrifa góða íslensku | 17.9.2012 | 97 | 8 |
| Skálatún - Að takast á við ágreining | 26.11.2012 | 18 | 4 |
| Skálatún - Að takast á við ágreining | 30.11.2012 | 9 | 4 |
| Skálatún - Vellíðan á vinnustað | 20.11.2012 | 21 | 4 |
| Skálatún - Vellíðan á vinnustað | 23.11.2012 | 20 | 4 |
| Skrifstofubraut I í fjarnámi - Raunfærnimat | 2.1.2012 | 1 | 0 |
| Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) - 1. önn | 6.1.2012 | 2 | 150 |
| Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) - 1. önn | 8.9.2012 | 20 | 150 |
| Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) - 2. önn | 7.1.2012 | 13 | 150 |
| Skrifstofubraut I í fjarnámi (11 ein.) 3. önn | 8.9.2012 | 12 | 150 |
| Skrifstofubraut I Staðbundið nám -1. önn | 22.8.2012 | 2 | 150 |
| Skrifstofubraut II - fjarnám | 7.1.2012 | 8 | 150 |
| Skrifstofubraut II í fjarnám 1. - 3. önn | 8.9.2012 | 5 | 150 |
| Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám | 13.2.2012 | 13 | 80 |
| Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám | 24.9.2012 | 18 | 84 |
| Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám -FJARNÁM | 13.2.2012 | 13 | 80 |
| Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnnám | 30.1.2012 | 19 | 160 |
| Talsmaður breytinga - hugmyndasmiður á vinnustað | 10.10.2012 | 3 | 76 |
| Talsmaður breytinga - hugmyndasmiður á vinnustað, fjarnám Akureyri | 10.10.2012 | 1 | 76 |
| Talsmaður breytinga - Nýtt | 22.2.2012 | 18 | 76 |
| Tollstjóri - Kröfuréttur - grunnur | 25.9.2012 | 11 | 12 |
| Tollstjóri - Kröfuréttur - grunnur | 25.10.2012 | 14 | 12 |
| Tollstjóri - Meðferð persónuupplýsinga og upplýsingalög | 10.1.2012 | 15 | 6 |
| Tollstjóri - Samskipti, siðfræði og reglur á vinnustað | 19.1.2012 | 14 | 12 |
| Tollstjóri - Samskipti, siðfræði og reglur á vinnustað | 13.9.2012 | 14 | 12 |
| Tollstjóri - Starfstengd enska I | 6.3.2012 | 11 | 16 |
| Tollstjóri - Starfstengd enska II | 15.11.2012 | 14 | 16 |
| Tollstjóri - Stjórnsýsla skatta og innheimtu | 15.5.2012 | 20 | 6 |
| Tollstjóri - Stjórnsýsluréttur | 9.2.2012 | 16 | 12 |
| Tollstjóri - Stjórnsýsluréttur | 17.4.2012 | 16 | 12 |
| Tryggingastofnun- Starfstengd enska | 14.3.2012 | 22 | 16 |
| Tölvunám.is - Ársaðgangur að vefnámskeiðum | 1.2.2012 | 20 | 0 |
| Tölvunám.is - Ársaðgangur að vefnámskeiðum | 1.3.2012 | 9 | 0 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tölvunám.is - Ársaðgangur að vefnámskeiðum | 1.10.2012 | 14 | 0 |
| Tölvunám.is - Ársaðgangur að vefnámskeiðum | 1.11.2012 | 5 | 0 |
| Tölvur og tölvunotkun - Excel framhaldsnámskeið | 6.3.2012 | 32 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Excel framhaldsnámskeið | 16.10.2012 | 31 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Fjársjóður Google-NÝTT | 28.3.2012 | 32 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Fjársjóður Google-NÝTT | 6.11.2012 | 23 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Grunnnám | 14.2.2012 | 28 | 80 |
| Tölvur og tölvunotkun - Grunnnám | 25.9.2012 | 25 | 80 |
| Tölvur og tölvunotkun - Hugarkort-NÝTT | 18.4.2012 | 33 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Hugarkort-NÝTT | 27.11.2012 | 19 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Myndvinnsla og myndavélar | 28.3.2012 | 40 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Myndvinnsla og myndavélar | 6.11.2012 | 27 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Outlook | 21.2.2012 | 15 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Outlook | 25.9.2012 | 26 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - PowerPoint | 6.3.2012 | 13 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - PowerPoint | 16.10.2012 | 11 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Publisher | 28.3.2012 | 7 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Publisher | 6.11.2012 | 15 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Word framhaldsnámskeið | 18.4.2012 | 16 | 26 |
| Tölvur og tölvunotkun - Word framhaldsnámskeið | 27.11.2012 | 12 | 26 |
| Upplýsinga- og skjalastjórn | 5.11.2012 | 21 | 10 |
| Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar | 15.2.2012 | 30 | 24 |
| Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar | 9.10.2012 | 19 | 24 |
| Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Akureyri | 15.2.2012 | 2 | 24 |
| Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Akureyri | 9.10.2012 | 2 | 24 |
| Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Ísafjörður | 15.2.2012 | 1 | 24 |
| Verkefnastjórnun-vinnulag sem virkar-Fjarnám-Ísafjörður | 9.10.2012 | 1 | 24 |
| Viðurkenndur bókari - EHÍ, kennt um helgar | 31.8.2012 | 13 | 0 |
| Viðurkenndur bókari - MK, kennt á virkum dögum | 1.9.2012 | 15 | 0 |
| Vinnueftirlitið - Að takast á við erfiða einstaklinga | 21.3.2012 | 50 | 4 |
| Vinnumálaskólinn - Þjónustustjórnun | 18.5.2012 | 20 | 12 |
| Viðbótarnám félagsliða | vor og haust | 22 | 120 |
| Vísdómur - Líkamsbeiting og vinnuvernd | 31.1.2012 | 16 | 6 |
| Þjóðskrá - Vellíðan í vinnunni - miðvikudagur fyrir hádegi | 14.11.2012 | 31 | 4 |
| Þjóðskrá - Vellíðan í vinnunni - þriðjudagur eftir hádegi | 13.11.2012 | 20 | 4 |
| Þjóðskrá - Vellíðan í vinnunni - þriðjudagur fyrir hádegi | 13.11.2012 | 25 | 4 |
| Þjónustustjórnun-Fjarkennt | 10.10.2012 | 7 | 6 |
| Þróttur - Sjálfstyrking og starfsánægja | 27.2.2012 | 11 | 8 |
| Þróttur - Þjónustustjórnun og Að eiga við erfiða gesti - Hópur A | 29.10.2012 | 19 | 14 |
| Þróttur - Þjónustustjórnun og Að eiga við erfiða gesti - Hópur B | 31.10.2012 | 7 | 14 |
| Þróttur, Akureyri - Sjálfsefling og samskipti | 21.5.2012 | 40 | 16 |
| | | 3361 | 4516 |

Starfsmennt




Fræðslusetrið Starfsmennt • Ofanleiti 2, 103 Reykjavík • sími 550 0060 • smennt@smennt.is • www.smennt.is